

Nr. 134 / 10 Valdimar GK 195***Skipverjar slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2354
Smíðaður: Noregi 1982 stál
Stærð: 344,3 brl. 569 bt.
Mesta lengd: 41,3 m Skráð lengd: 38 m
Breidd: 8,5 m Dýpt: 6,55 m
Vél: Callesen 508 kW, 1981
Fjöldi skipverja: 14



Valdimar© Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 18. febrúar 2011 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 2. september 2010 var Valdimar GK 195 á línuveiðum á Strandagrunni. Veður: SA 1 m/s.

Skipverji var að blóðga fisk en við það skar hann sig illa í vísifingur vinstri handar svo hann varð óvinnufær. Skipstjóri saumaði sárið.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði sagðist ekki hafa verið að flýta sér enda verið tregfiskerí. Hann hafi einnig verið á rúllunni en fiskurinn hafi verið tittur sem slasaði taldi sig hafa beitt of miklu afli við að blóðga.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.